

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn

Dags eftirlits 20.9.2012
Fyrirtæki Ísfélag Vestmannaeyja
Heimili Eyrarvegur 16
Kennitala 6601691219
Fulltrúi fyrirtækis Rafn Jónsson
Fulltrúi fyrirtækis Kristinn Lárusson

Fulltrúi UST Leifur Porkelsson
Fulltrúi UST Helga Hreinsdóttir
Tegund eftirlits Reglubundið
Flokkur Fiskimjölsverksmiðja
ÍSAT nr. 15.20.7
Staðsetning 664973,026 638339,856

Niðurstaða eftirlits

Fyrirtækið hefur undanþágu frá grein 3.4 í starfsleyfi, undanþágan gildir til ársloka 2012. Frárennslismælingar fóru fram í febrúar 2012. Grænu bókhaldi var skilað í júlí sl. Eitt frávik var skráð í eftirlitinu en það var vegna þess að ekki var tilkynnt um gangsetningu verksmiðju eftir meira en mánaðar stopp. Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu önnur við að niðurstöður TVN mælinga höfðu ekki verið sendar eftirlitsaðila og hin við að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, sem hefur verið send eftirlitsaðila, var ekki aðgengileg í eftirliti.

Umfang eftirlits

Eftirlitið hófst á fundi með Rafni Jónssyni verksmiðjustjóra og Kristni Lárussyni vinnslustjóra. Fram kom að sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi vegna starfseminnar. Framkvæmdir eru hafnar við breytingar á meðhöndlun útblásturslofts frá verksmiðjunni. Í stað þess að brenna loftið eins og gildandi starfsleyfi gerir ráð fyrir verður loftið meðhöndlað í efnaturni eftir þvott í péttiturni. Vegna framkvæmdanna var sótt um undanþágu frá grein 3.4 í starfsleyfinu til Umhverfisráðuneytisins. Umbeðin undanþága var veitt og gildir hún til ársloka 2012 en stefnt er því að framkvæmdum verði lokið fyrir þann tíma. Á meðan framkvæmdir standa yfir er reynt að haga vinnslu í verksmiðjunni þannig að vinnsla sé aðeins í gangi þegar vindur stendur af landi en þessi misserin er verksmiðjan nær eingöngu af vinna úr hráefni sem fellur til í uppsjávarfrystihúsi Ísfélagsins á Þórshöfn, sem stendur við hlið verksmiðjunnar. Hráefni er dælt frá frystihúsi og til verksmiðju eftir lokuðu kerfi.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og einnig yfir síðustu eftirlitsskýrslu dagsettri 7.9.2011. Í eftirlitsskýrslunni var eitt frávik frá starfsleyfi tiltekið. Það er að niðurstöðum frárennslismælinga hafði ekki verið skilað í samræmi við lið 3.10 í starfsleyfi. Sýnatökur á fráveituvatni fóru fram í lok febrúar 2012, afrit rannsóknarniðurstaðna frá rannsóknarstofu Matís var afhent í eftirlitsferöinni sem og niðurstöður TVN mælinga.

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar, þar sem meðal annars var farið yfir fyrirhugaðar breytingar á meðhöndlun útblásturslofts og skoðað nýtt ketilhús sem tekið var í notkun í júlí 2012.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.5 í starfsleyfi	Tilkynna þarf til eftirlitsaðila þegar verksmiðjan er gangsett aftur eftir meira en mánaðar stopp.

Athugasemd 1 Í samræmi við grein 3.19 þarf að Skila niðurstöðum TVN mælinga til eftirlitsaðila 1. maí, 1. september, og 1. janúar fyrir fjögurra mánaða tímabil hverju sinni.

Athugasemd 2 Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hefur verið send eftirlitsaðila en var ekki aðgengileg í eftirliti.

Reykjavík, 29.10.2013



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta